

18. febrúar 2016
Fréttatilkynning vegna uppgjörs Sjóvár fyrir 2015

Samstæðureikningur Sjóvár fyrir árið 2015 var samþykktur af stjórn og forstjóra á stjórnarfundi þann 18. febrúar 2016.

Hermann Björnsson, forstjóri:

„Afkoma Sjóvár er góð og helgast það af mjög góðum árangri af fjárfestingarstarfsemi, sem var töluvert betri en alla jafna má vænta. Afkoma skaðatrygginga olli vonbrigðum en mikill munur var á afkomu einstakra greina.

Í uppgjöri ársins 2015 voru óefnislegar eignir í viðskiptasamböndum og hugbúnaði sem keyptar voru við stofnun félagsins afskrifaðar að fullu um 3.830 m.kr. Afskriftin hefur engin áhrif á lykilstærðir, rekstraráætlanir, styrkleikamælikvarða eða ákvarðanir um arðgreiðslur. Gjaldþol félagsins er sterkt og hefur afskrift óefnislegra eigna ekki áhrif þar á.

Sé litið til ökutækjatrygginga þá hefur afkoma þeirra farið versnandi. Landsmenn aka meira með lækkandi bensínverði og auknum kaupmætti sem aftur hefur leitt til aukinnar tjónatíðni. Samkvæmt upplýsingum Vegagerðarinnar jókst umferðin um 6,2% prósent árið 2015 sem er mesta aukning sem verið hefur síðustu ár. Þessi aukning hefur því miður leitt til mikillar fjölgunar tjóna og alvarlegra slysa í umferðinni.

Staða Sjóvár er sterk og félagið vel í stakk búið til að sinna því hlutverki að bæta tjón viðskiptavina og mæta þeim sveiflum sem óhjákvæmilega verða, hvort sem litið er til veðurfars eða stærri tjónsatburða. Af þeim sökum kann afkoma félagsins að sveiflast á stuttum tímabilum en er jafnari yfir lengra tímabil.“

Fjárfestingar

Ávöxtun eignasafna félagsins nam 3,7% á ársfjórðungnum og 15,6% á árinu 2015. Mestri ávöxtun skiluðu hlutabréf, 12,9% á fjórðungnum og 53,3% á árinu. Helsta breyting á fjárfestingarsafni félagsins á árinu var að félagið bætti við eign sína í hlutabréfum og jók hlutfall þeirra á kostnað skuldabréfa.

Breytt reikningsskilaaðferð í samræmi við Solvency II

Vegna breyttrar reikningsskilaaðferðar lækkaði váttryggingaskuld í ársbyrjun 2014 um 2.709 m.kr. og eigið fé hækkaði um 2.167 m.kr.

Tillaga um arð

Gerð er tillaga um arð sem nemur 2 kr. á hlut eða um 3.100 m.kr.

Horfur

Gert er ráð fyrir að samsett hlutfall verði á bilinu 98-100% fyrir árið 2016 og að hagnaður fyrir skatta verði á bilinu 2.000 til 2.500 m.kr.

Helstu niðurstöður og lykiltölur fjórða ársfjórðungs og ársins 2015

	4F 2015	4F 2014	%	2015	2014	%
Iðgjöld tímabilsins	3.490	3.464	0,8%	14.076	13.605	3,5%
Eigin iðgjöld	3.263	3.262	0,0%	13.317	12.826	3,8%
Fjárfestingatekjur	1.207	566		4.623	1.297	
Heildartekjur	4.477	3.829	16,9%	17.992	14.148	27,2%
Tjón tímabilsins	-3.382	-2.236	51,3%	-11.239	-9.354	20,2%
Eigin tjón	-2.898	-2.211	31,1%	-10.596	-8.932	18,6%
Rekstrarkostnaður	-871	-777	12,1%	-3.462	-3.485	-0,7%
Afskrift óefnislegra eigna	-3.485	-114		-3.830	-472	
Heildargjöld	-7.254	-3.080	135,5%	-17.888	-12.889	38,8%
Hagnaður/Tap fyrir skatta	-2.776	749		105	1.259	
Hagnaður/Tap eftir skatta	-2.016	640		657	1.055	
Hagn. f. skatt og afskr. óefnisl. eigna	709	869		3.834	1.675	
Afkoma af váttryggingastarfsemi	-385	472		191	1.342	
Afkoma af fjárfestingastarfsemi	1.094	397		3.643	333	
Tjónahlutfall	96,9%	64,5%		79,8%	68,8%	
Endurtryggingahlutfall	-7,5%	4,5%		0,4%	2,4%	
Kostnaðarhlutfall	25,8%	23,3%		23,6%	24,8%	
Samsett hlutfall	115,2%	92,3%		103,9%	96,0%	
Ávöxtun eigin fjár	-23,2%	14,5%		3,9%	5,9%	
Leiðrétt ávöxtun eigin fjár	15,8%	20,4%		19,9%	14,5%	
Tap/Hagnaður á hlut	-1,29	0,39		0,42	0,66	
Efnahagstölur						
Eigið fé				16.291	20.003	
Fjárfestingaeignir á söfnunartr.				30.464	30.826	
Eiginfjárlutfall				39,3%	45,2%	
Gjaldþolshlutfall móðurfélags				5,63	4,27	
SCR fyrir arðgreiðslu				1,86	1,88	
Áætlað SCR eftir arðgreiðslu				1,57	1,32	

Fjárhæðir eru í milljónum króna

Kynningarfundur 19. febrúar kl. 8:30

Sjóvá býður til opins kynningarfundar um afkomu félagsins á fjórða ársfjórðungi og árinu 2015 föstudaginn 19. febrúar kl. 8:30 í fundarsal félagsins í Kringlunni 5, 6. hæð. Hermann Björnsson forstjóri mun kynna uppgjorið og svara spurningum. Hægt er að fylgjast með beinni útsendingu frá fundinum á vefslóðinni www.sjova.is/afkomukynningar

Aðalfundur 11. mars kl. 15:00

Aðalfundur Sjóvár verður haldinn föstudaginn 11. mars kl. 15:00 á Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2.

Nánari upplýsingar

Allar nánari upplýsingar veitir Þórður Pálsson í síma 440-2000 eða fjarfestar@sjova.is.